

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2021
Tilvísun: 2021030672/V.S.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 16. mars 2021 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 (pskj. 993, 585. mál á 151. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lagabálkum til að styrkja lagagrundvöll fyrir vinnslu persónuupplýsinga til samræmis við lög nr. 90/2018 hjá þeim stofnunum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Persónuvernd fékk drög að ofangreindu frumvarpi send til umsagnar á fyrri stígum, fyrst þann 29. janúar 2020, því næst þann 28. ágúst s.á. og loks þann 28. janúar 2021. Veitti stofnunin umsögn um frumvarpsdrögin 24. nóvember 2020 auk viðbótarumsagnar 16. febrúar 2021. Þá var haldinn var einn fundur vegna málsins. Afrit beggja umsagna Persónuverndar eru hjálögð, en þegar hefur verið tekið tillit til flestra athugasemda stofnunarinnar.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

1.

Í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir heimild framhaldsskóla til vinnslu persónuupplýsinga að því marki sem nauðsynlegt er til að sinna lögbundnu hlutverki þeirra, meðal annars í tengslum við viðburði á vegum nemendafélaga samkvæmt 39. gr. laga nr. 92/2008. Í þeirri grein kemur fram að nemendafélög starfi á ábyrgð skóla en í athugasemdum með 5. gr. frumvarpsins segir hins vegar að skólameistara sé veitt heimild til að vinna með upplýsingar í tengslum við starfsemi nemendafélaga.


Persónuvernd gerði athugasemd við þetta atriði í umsögn sinni, dags. 24. nóvember 2020 og benti á að ábyrgðaraðili vinnslu er almennt sú stofnun sem tekur ákvörðun um tilgang og aðferðir við vinnslu, en ekki einstaka starfsmenn. Lagði stofnunin til að umfjöllun í athugasemd með 5. gr. frumvarpsdraganna yrði breytt til að endurspeglar framangreint. Orðið var við þessari ábendingu



Persónuverndar í þeirri útgáfu frumvarpsdraganna sem stofnunin fékk senda þann 28. janúar 2021. Svo virðist hins vegar sem umfjöllun í athugasemd með 5. gr. fyrirbyggjandi frumvarps sé samhljóða þeirri sem Persónuvernd gerði athugasemd við í umsögn sinni, dags. 24. nóvember 2020. Persónuvernd áréttar því síðastnefnda athugasemd og vekur athygli á að í núverandi mynd er ósamræmi milli orðalags frumvarpsgreinarinnar og athugasemdar með henni að þessu leyti.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Vigdís Eva Línal


Vigdís Sigurðardóttir

Hjálagt:

Afrit umsagnar Persónuverndar, dags. 24. nóvember 2020.

Afrit viðbótarumsagnar Persónuverndar, dags. 16. febrúar 2021.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2020
Tilvísun: 2020112786/VIS

Efni: Umsögn Persónuverndar um drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

Persónuvernd vísar til draga að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem ráðuneytið birti í Samráðsgátt stjórnvalda þann 3. nóvember 2020. Markmið draganna er að styrkja lagagrundvöll fyrir vinnslu persónuupplýsinga til samræmis við lög nr. 90/2018 hjá þeim stofnunum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Persónuvernd fékk ofangreind drög einnig send á fyrri stigum, fyrst þann 29. janúar 2020 og einnig þann 28. ágúst s.á. Þá funduðu fulltrúar Persónuverndar um mál þetta með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og persónuverndarfulltrúa Stjórnarráðsins þann 8. september 2020. Umsögn þessi er fyrsta formlega umsögn stofnunarinnar um frumvarpsdrögin.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

1.

Ákvæði 1. gr. og 3. gr. frumvarpsdraganna um vinnslu persónuupplýsinga hjá leikskólum annars vegar og grunnskólum hins vegar eru um margt sambærileg að efni til. Persónuvernd bendir á að samræma þyrfti orðalag ákvæðanna að því er varðar tilvísanir til þjónustu þeirra aðila sem falla undir hlutaðeigandi lagabálka og leggur til að í 1. og 2. mgr. ákvæðanna verði vísað til *lögbundinnar þjónustu*.

2.

Í nokkrum ákvæðum frumvarpsdraganna er gert ráð fyrir heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Hins vegar er ekki í öllum tilfellum skilgreint í ákvæðunum sjálfum hvaða tegundir viðkvæmra persónuupplýsingar verði heimilt að vinna.



Með vísan til þeirra ríku krafna til skýrleika lagaheimilda um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga leggur Persónuvernd til að ákvæði 9., 10. og 11. gr. frumvarpsdraganna verði gerð skýrari að þessu leyti, en í öllum tilfellum virðist einkum gert ráð fyrir vinnslu heilsufarsupplýsinga.

Persónuvernd leggur jafnframt til að orðin „þar með talið“ verði felld út úr ákvæðum 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 3. gr. draganna. Sé gert ráð fyrir því að heimild geti þurft til vinnslu annarra viðkvæmra persónuupplýsinga en upplýsinga um heilsufar nemenda þyrfti að tiltaka það sérstaklega í ákvæðunum ásamt því í hvaða tilgangi heimilt verði að vinna slíkar upplýsingar.

3.

Gert er ráð fyrir því í ákvæðum 4. mgr. 1. gr., 4. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 6. gr. draganna að ráðherra setji reglugerð um vinnslu persónuupplýsinga. Meðal þess sem fram kemur um efni reglugerðar í umræddum ákvæðum þar að lútandi er að þar verði kveðið á um „í hvaða tilgangi persónuupplýsingar eru unnar“. Persónuvernd bendir á að ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga ákvarðar tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Ábyrgðaraðili skal enn fremur geta sýnt fram á að vinnsla fari fram í lögmætum, skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018. Hins vegar kann að vera æskilegt að skilgreina í lögum eða reglugerð í hvaða tilgangi aðilum sem gegna lögbundnu hlutverki, svo sem skólum, er *heimilt* að vinna með persónuupplýsingar.

Persónuverndar leggur því til að 4. mgr. 1. gr., 4. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 6. gr. frumvarpsdraganna verði breytt í samræmi við ofangreint og ákvæðin orðuð með eftirfarandi hætti:

„Ráðherra setur reglugerð um vinnslu persónuupplýsinga. Í henni skulu koma fram nánari skilyrði um vinnsluna, svo sem hvaða persónuupplýsingar heimilt er að vinna með *og í hvaða tilgangi vinnsla þeirra er heimil*, verklag við vinnslu persónuupplýsinga, auk tilgreiningar þeirra fagaðila og stofnana sem er heimil vinnslan.“

4.

Í 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 9. gr. frumvarpsdraganna er gert ráð fyrir heimild til öflunar og miðlunar upplýsinga. Ætla má að hér sé átt við persónuupplýsingar og leggur Persónuvernd því til að í stað orðsins *upplýsingar* í umræddum ákvæðum komi orðið *persónuupplýsingar*.

5.

Í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsdraganna er gert ráð fyrir heimild framhaldsskóla til vinnslu nauðsynlegra persónuupplýsinga til að sinna lögbundnu hlutverki þeirra, meðal annars í tengslum við viðburði á vegum nemendafélaga samkvæmt 39. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla. Í síðastnefndri lagagrein kemur fram að nemendafélög starfi á ábyrgð skóla. Í athugasemdum með 5. gr. frumvarpsdraganna er hins vegar tekið fram að skólameistara sé veitt heimild til að vinna með upplýsingar í tengslum við starfsemi nemendafélaga. Í þessu samhengi bendir Persónuvernd á að ábyrgðaraðili vinnslu er almennt sú stofnun, í þessu tilviki framhaldsskóli, sem tekur ákvörðun um tilgang og aðferðir við vinnsluna, en ekki einstaka starfsmenn. Á það jafnt við um stjórnendur sem almenna starfsmenn. Persónuvernd leggur því til að umfjöllun í athugasemd með ákvæði 5. gr. frumvarpsdraganna verði breytt til að endurspeglar framangreint.



6.

Ákvæði 6. gr. frumvarpsdraganna hefur að geyma viðtækar heimildir Menntamálastofnunar til vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Að mati Persónuverndar er í greininni gert ráð fyrir umtalsvert viðtækari heimildum til slíkrar vinnslu heldur en lögbundin verkefni Menntamálastofnunar gefa tilefni til, en þau eru skilgreind í 5. og 6. gr. laga nr. 91/2015, um Menntamálastofnun. Persónuvernd áréttar að ekki skal vinna með persónuupplýsingar umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018. Ekki er ljóst af frumvarpsdrögunum hvers vegna Menntamálastofnun er nauðsynlegt að afla upplýsinga um heilsufar eða líðan nemenda í tengslum við þau verkefni sem kveðið er á um í fyrrnefndum ákvæðum laga nr. 91/2015, en með hliðsjón af orðalagi þeirra má ætla að flest þeirra megi leysa á grundvelli tölfræðiupplýsinga eða ópersónugreinanlegra upplýsinga. Í þessu sambandi bendir Persónuvernd á álit stofnunarinnar, dags. 30. apríl 2018 í máli nr. 2018/524, um gerð ytra mats mennta- og menningarmálaráðuneytisins á starfi framhaldsskóla, grunnskóla og leikskóla. Af álitsbeiðni ráðuneytisins mátti ráða að vinnsla persónuupplýsinga við gerð ytra mats á skólastarfi fælist fyrst og fremst í vinnslu upplýsinga um störf skólastjórnenda. Ætla má að það sama eigi við um það ytra mat sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsdraganna. Vakin er athygli á því að þrátt fyrir að álitid hafi verið ritað í gildistíð eldri laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eiga þau sjónarmið sem þar eru rakin enn við í dag. Um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð ytra mats vísast að öðru leyti til fyrrnefnds álits Persónuverndar, en afrit þess fylgir hjálga.

Meðal þeirra viðkvæmu persónuupplýsinga sem tilgreindar eru í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsdraganna eru persónuupplýsingar um þjóðernislegan uppruna og félagslega stöðu nemenda. Persónuvernd bendir á að þrátt fyrir að upplýsingar um félagslega stöðu einstaklinga geti talist viðkvæms eðlis falla slíkar upplýsingar ekki undir skilgreiningu laga nr. 90/2018 á viðkvæmum persónuupplýsingum. Að því er varðar upplýsingar um þjóðernislegan uppruna nemenda kemur fram í athugasemd með 6. gr. draganna að nauðsynlegt geti verið að vinna með upplýsingar þar að lútandi vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál og að leggja fyrir þá próf. Persónuvernd bendir á að nægilegt er að afla upplýsinga um móðurmál viðkomandi barna til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með slíkum verkefnum. Snúi þau ekki sérstaklega að því að sníða þjónustu að nemendum af tilteknum uppruna, óháð móðurmáli, ætti ekki að afla upplýsinga um þjóðernislegan uppruna en þær teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018.

Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsdraganna er vísað til þeirra aðila sem veita þjónustu samkvæmt lögum en ekki er að fullu ljóst um hvaða aðila ræðir. Ef átt er við þá sem veita þjónustu samkvæmt lögum um þá aðila sem tilgreindir eru í greininni þyrfti að skerpa á orðalagi hennar að þessu leyti. Sama gildir ef átt er við aðila sem veita þjónustu á grundvelli laga nr. 91/2015 um Menntamálastofnun. Þá er í 2. másl. 2. mgr. 6. gr. draganna gert ráð fyrir heimild Menntamálastofnunar til öflunar upplýsinga um starfsfólk og skólastjórnendur, svo sem í tengslum við úttektir skóla, en svo virðist sem þarna sé um að ræða efnislega sambærilega heimild að hluta og finna má í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsdraganna. Persónuvernd leggur til að kannað verði hvort unnt er að sameina þær heimildir sem þarna er að finna í eina málsgrein til að auka skýrleika ákvæðisins.

Enn fremur bendir Persónuvernd á að af orðalagi 3. mgr. 6. gr. frumvarpsdraganna má ráða að þar sé einkum um átt við tölfræðilegar upplýsingar eða aðrar ópersónugreinanlegar upplýsingar. Í ljósi þess að titill 6. gr. draganna er *Vinnsla persónuupplýsinga* telur Persónuvernd fara betur á því að færa efni 3. mgr. 6. gr. í sérstakt ákvæði í lögum nr. 91/2015. Sé ætlunin að veita Menntamálastofnun heimild til



miðlunar persónuupplýsinga með greininni bendir Persónuvernd hins vegar á að nauðsynlegt væri að gera orðalag þess skýrara að því leyti.

Í ljósi framangreinds gerir Persónuvernd alvarlegar athugasemdir við 6. gr. frumvarpsdraganna. Telur Persónuvernd brýnt að taka ákvæðið til gagn Gerrar endurskoðunar með hliðsjón af lögbundnum verkefnum Menntamálastofnunar og þeim sjónarmiðum sem hér hafa verið rakin. Þá telur Persónuvernd 1. mgr. 6. gr. frumvarpsdraganna ekki geta samrýmst kröfum laga nr. 90/2018 til lagastofnar fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

6.

Í 12. gr. frumvarpsdraganna er gert ráð fyrir heimild háskóla til vinnslu persónuupplýsinga. Að mati Persónuverndar mætti gera orðalag greinarinnar skýrara, t.d. með því að færa orðalag 1. mgr. 12. gr. til samræmis við orðalag 1. mgr. 5. gr. frumvarpsdraganna um heimildir framhaldsskóla til vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd leggur því til að inn í 12. gr. frumvarpsdraganna verði bætt tilvísun til lögbundins hlutverks háskóla.

Með vísan til framangreinds er það mat Persónuverndar að frumvarpsdrögin þarfnist enn nokkurra úrbóta, sér í lagi að því er varðar heimildir Menntamálastofnunar til vinnslu persónuupplýsinga. Þá skortir enn nokkuð á samræmi í hugtakanotkun og að heimildir til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga séu nægilega skýrt afmarkaðar.

Persónuvernd áréttar jafnframt að persónuupplýsingum barna er tryggð sérstök vernd í lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og reglugerð (ESB) 2016/679. Ráða má af ákvæðum laganna, þ. á m. 6. tölul. 9. gr. þeirra, að gera megi ríkari kröfur en ella til vinnslu persónuupplýsinga um börn. Er nauðsynlegt að lagasetning um heimildir til vinnslu persónuupplýsinga barna taki mið af þeim ríku kröfum.

Að öðru leyti en að framan greinir eru ekki gerðar frekari athugasemdir við efni draganna að svo stöddu. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Vigdís Sigurðardóttir



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2021
Tilvísun: 2021010260/V.S.

Efni: Viðbótarumsögn Persónuverndar um drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

Persónuvernd vísar til beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 28. janúar 2021, þar sem óskað er viðbótarumsagnar um drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nánar tiltekið um 6. gr. draganna um Menntamálastofnun. Í erindi ráðuneytisins kemur fram að reynt hafi verið að koma til móts við þær athugasemdir og ábendingar sem fram komu í fyrri umsögn Persónuverndar um drögin, dags. 24. nóvember 2020.

Að mati Persónuverndar bera frumvarpsdrögin í núverandi mynd með sér að umtalsverð vinna hafi verið lögð í lagfæringar þess, þ.m.t. með hliðsjón af ábendingum stofnunarinnar. Persónuvernd fagnar því góða samstarfi sem stofnunin hefur átt við mennta- og menningarmálaráðuneytið í því sambandi.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

1.

Í fyrrnefndri umsögn Persónuverndar kom fram stofnunin teldi að samræma þyrfti orðalag ákvæða 1. og 3. gr. frumvarpsdraganna að því er varðar tilvísanir til þjónustu þeirra aðila sem falla undir hlutaðeigandi lagabálka. Lagði Persónuvernd til að í 1. og 2. mgr. ákvæðanna yrði ávallt vísað til *lögbundinnar þjónustu*. Í 2. mgr. 1. gr. uppfærðra frumvarpsdraga er vísað til lögbundinnar þjónustu, en í 1. mgr. 1. gr. og 1. og 2. mgr. 3. gr. er vísað til þjónustu, án þess að orðið *lögbundið* komi þar fyrir. Áréttar Persónuvernd fyrri tillögu og leggur til að orðinu *lögbundna* verði bætt inn í umræddar málsgreinar þar sem við á.

2.

Í 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. draganna er fjallað um öflun og miðlun persónuupplýsinga milli þeirra aðila sem lögbundið hlutverk hafa samkvæmt hlutaðeigandi lagabálkum. Persónuvernd leggur til að lokamálslið ákvæðanna verði breytt á þann veg að þau vísi til þess að vinnsla sé *nauðsynleg* til að viðkomandi aðilar geti sinnt verkefnum sínum. Leggur Persónuvernd því til að í stað orðanna „enda sé miðlunin liður í því að tryggja barni markvissa og lögbundna þjónustu.“ komi orðin „enda sé slík miðlun nauðsynleg til þess að þessir aðilar geti gegnt hlutverkum sínum.“



3.

Gert er ráð fyrir því í 4. mgr. 6. gr. frumvarpsdraganna að ráðherra setji reglugerð um vinnslu persónuupplýsinga. Í athugasemd með greininni segir meðal annars að í reglugerðinni skuli kveðið á um öryggisráðstafanir til að vernda grundvallarréttindi þeirra einstaklinga sem persónuupplýsingar eru unnar um, en ekki er fjallað um öryggisráðstafanir í ákvæðinu sjálfu. Leggur Persónuvernd til að tilvísun til öryggisráðstafana sé bætt inn í ákvæðið til samræmis við athugasemdir með því.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni draganna. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Vigdís Eva Línadal


Vigdís Sigurðardóttir